

AUGLÝSING

um frestun á gildistöku ákvæða um losunar- og sjósetningarbúnað gúmmíbjörgunarbáta.

Samgönguráðuneytið hefur ákveðið að fresta gildistöku ákvæða um losunar- og sjósetningarbúnað gúmmíbjörgunarbáta samkvæmt 2.-5. tl. 7. gr. reglugerðar nr. 189 21. mars 1994 um björgunar- og öryggisbúnað íslenskra skipa.

Frestun þessi gildir til 1. júlí 1996.

Auglýsing þessi sem sett er samkvæmt lögum nr. 35/1993 staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytinu, 2. janúar 1996.

Halldór Blöndal.

Jón Birgir Jónsson.

Nr. 19

4. janúar 1996

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um starfsháttu örorkunefndar nr. 335 16. ágúst 1993.

1. gr.

Síðari 5. gr. verði 6. gr. og orðist svo:

Gjald fyrir álit samkvæmt 1. gr. er 50.000 krónur og greiðist í ríkissjóð. Greiðslu skal fylgja beiðni um álit og er hún óendurkræf þótt nefndin kunni að vísa máli frá sér.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í 10. gr. skaðabótalaga, nr. 50 19. maí 1993, öðlast gildi 1. febrúar 1996.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 4. janúar 1996.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Jón Thors.

Nr. 20

4. janúar 1996

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 188/1988 um slátrun, mat og meðferð sláturafurða, með síðari breytingum.

1. gr.

1. gr. reglugerðarinnar, sbr. breytingu með 1. gr. reglugerðar nr. 311/1992, orðist svo:

Ef selja á afurðir skal slátrun búfjár (nautgripa, hrossa, svína, sauðfjár, geita og alifugla) fara fram í sláturhúsi sem hlotið hefur löggildingu landbúnaðarráðuneytisins.